

Ed.

530. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á löc um nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
Fyrsta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
Reikningsár hreppa er fardagaárið, en kaupstaða almanaksárið.
2. Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein svo hljóðandi:
12. gr. laganna skal orða svo:
Ef skifta þarf útsvari milli sveita, skal við skiftinguna farið eftir tímalengd þeirri, er gjaldþegn hefir dvalið í hvorri eða hverri sveit á því ári, sem útsvar er miðað við. Þó skulu atvinnutekjur svo reiknaðar, að $\frac{1}{3}$ þeirra komi á mánuðina nóvember—mars, að báðum meðtöldum, en $\frac{2}{3}$ á aðra mánuði ársins.
3. Á eftir 6. gr. frv. komi ný grein svo hljóðandi:
26. gr. laganna skal orða svo:
Kærum, sem koma að liðnum kærufresti, verður ekki sint.
4. Síðan komi enn ný grein svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.